



*Félag íslenskra
snyrtifræðinga*

*Ársskýrsla fyrir starfsárið
2006-2007*

Stjórn FÍSF árið 2006

<i>Anna María Jónsdóttir</i>	893 2122	<i>spa@centrum.is</i>
<i>Anna María Ómarsdóttir</i>	899 0313	<i>hermann@btnet.is</i>
<i>Ásta Bergljót Stefánsdóttir</i>	863 5396	<i>bst@strik.is</i>
<i>Guðlaug Ágústa Arnardóttir</i>	695 4654	<i>gksnyrtistofa@gksnyrtistofa.is</i>
<i>Guðrún Bjarnadóttir</i>	820 4706	<i>gudrun@snyrtihornid.is</i>
<i>Guðrún Pétursdóttir</i>	896 3501	<i>gp1@simnet.is</i>
<i>Hildur Erna Ingadóttir</i>	861 8092	<i>hilduri@internet.is</i>
<i>Nína Björg Sigurðardóttir</i>	822 7935	<i>ishud@mmedia.is</i>

Stjórnarfundir, aðalfundur og Cidesco

Stjórnarfundir urðu alls 22 á starfsárinu sem var annasamt og miklu hrundið í framkvæmd. Öflugt auglýsingaráttak var gert bæði í apríl, maí og september. Félagið tók þátt í sýningunni 3L-EXPO, félagskonur lögðu leið sína til Aþenu og haldinn var stefnumótunarfundur svo að fátt eitt sé nefnt.

Undirbúningur allra þessara viðburða krefst að sjálfsögðu mikils tíma þeirra sem sitja í stjórn.

Í kjölfar átaksins „Faglegar og löglegar“ bárust stjórn fleiri mál varðandi ólöglega starfsemi en árin áður. Það er eins og átakið hafi styrkt félagsmenn til að standa saman og tilkynna um ólöglega starfsemi. Að undanfögnu hefur stjórnin verið að vinna í málum á Blönduósi, í Keflavík og á Sauðárkróki. Margar fyrirspurning bárust stjórn af vefnum Meistarinn.is.

Fyrsti fundurinn í kjölfar aðalfundar var

haldinn 28. mars og þá skipti stjórnin með sér verkum. Félaginu bárust upplýsingar um þing CIDESCO sem haldið var í Aþenu og þangað fjölmenntu félagskonur síðastliðið haust. Lög FÍSF voru endurskoðuð til að Snyrtiakademían í Kópavogi gæti orðið aðili að félaginu svo að reglum og lögum CIDESCO sé framfylgt. Fyrirhugað er að halda aukaaðalfund til að fara yfir ný lög FÍSF.

Fagleg og lögleg

þjónusta
í boði

Löggild menntun snyrtifræðinga tryggir þér fagmennsku í snyrtingu og förðun og rétta og örugga húðmeðferð. Þú finnur snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.




Félag íslenskra
snyrtifræðinga

Ánægja með „Fagleg og lögleg“

Markaðsátak Félags íslenskra snyrtifræðinga sem staðið hefur í vor virðist skila góðum árangri. við fregnum af snyrtistofum að viðskipti séu góð og að mikið sé spurt um átakið. Svo virðist sem átak af þessu tagi efla gæðavitund viðskiptavina, ný spyrja þeir út í menntun starfsfólksins og vilja vita fyrir hvað þeir eru að greiða. Þetta er mikilvægur áfangi fyrir snyrtifræðinga sem lengi afa átt við óvandaða samkeppni að etja og er athyglisvert forðæmi fyrir iðnaðarmenn í öðrum greinum.

Dagskrá og viðburðir á starfsári 2006-2007

Aðalfundur félagsins

var haldinn 18. mars 2006 á Hótel Örk í Hveragerði og var vel sóttur. Fundarstjóri var Inga Þyri Kjartansdóttir. Fyrir fund voru léttar veitingar í boði en síðan hófust venjuleg aðalfundarstörf. Fundurinn samþykkti tillögu um að fella niður aðalfund í þeirri mynd sem hann er nú og breyta fyrirkomulagi til að félagsmenn utan af landi eigi auðveldara með að sækja fundinn og aðra starfsemi á vegum félagsins. Að loknum aðalfundarstörfum var happdrætti og kennsla í afródansi. Þá var komið að hátíðarkvöldverði og dansleik á hótelinu þar sem félagsmenn gistu eina nótt.

Auglýsingaátaki FÍSF

undir yfirskriftinni „Faglegar og löglegar“ var hleypt af stokkunum sumardaginn fyrsta, þann 20. apríl. Undirbúningur átaksins hafði staðið í ár, fyrst með sölunámskeiði og síðan stuttu stefnumótunarkvöldi með félagskonum til að ákveða hvernig og hvar ætti að auglýsa starfsemi snyrtifræðinga. Þar sem félagskonur voru mjög ánægðar með átakið, sem lauk 31. maí, var ákveðið að ráðast í annað átak um haustið.

Aukaaðalfundur var haldinn 29. maí

en tilgangur hans var að fara yfir ný lög FÍFS svo að löglega væri staðið að inngöngu Snyrtiakadémiunnar en til þess að skólinn gæti orðið Cidesco skóli þurfti hann að eiga aðild að Íslandsdeild CIDESCO, þ.e. FÍSF. Lögin voru samþykkt. Einnig var kynnt 55. CIDESCO þing sem var í Aþenu 19.-22. október og seinni hluti auglýsingaráttaks sem hófst í september.

Ný vefsíða félagsins var

tekin í notkun í ágúst. Enn vantar þó efni inn á síðuna en Brynjar markaðstjóri SI er hönnuður hennar.

Nýtt fréttablað FÍSF

kom út í september og í desember barst félagsmönnum ný og frábær dagbók sem er afrakstur starfa nýrrar ritnefndar.

Seinni hluti auglýsingarherferðar hófst 3. september og stóð í tvær vikur.

Sýningin 3L-EXPO var haldin 7.-11. september

Stjórnin ákvað með mjög skömmum fyrirvara að taka þátt í sýningunni til að styrkja seinni hluta auglýsingaáttaks FÍSF sem stóð í tvær vikur í september. Sýningin var mjög vel sótt og margir félagsmenn nýttu sér að auglýsa starfsemi sína í bás FÍSF. Fyrir sýninguna var ráðist í gerð bæklinga sem var dreift á sýningunni og félagskonum kom mjög á óvart hvað fólki var vel kunnugt um auglýsingaátakið sem var í dagblöðum.

Stefnumótunarfundur

var haldinn á Hótel Borgarnesi dagana 18.-19. september. Fundinn sóttu 18 félagskonur og fjórir starfsmenn SI. Stefnunótunarynnan hófst um hádegi þann 18. og stóð til miðnættis. Að loknum morgunverði daginn eftir var aftur tekið til óspilltra málanna og ekki látið staðar numið fyrr en um hádegi. Þá var formlegri vinnu lokið og sest að góðum hádegisverði. Formlegri eftirvinnu fer senn að ljúka hjá SI.

Haustfundur félagsins

var haldinn 27. september á Hótel Loftleiðum. Fundarefnið, sem þótti áhugavert, snerist um súkkulaði, súkkulaðinudd og súkkulaðiandlitsmaska enda var fundurinn vel sóttur. Auðvitað var súkkulaði frá Nóa Síríus í boði.

CIDESCO þing

var haldið í Aþenu 19.-22. október. Margar félagskonur sóttu þingið og þar var margt nýtt, áhugavert og forvitnilegt. Þar kom t.d. fram hve sterk tengsl eru milli húðlækna, lýtalækna og snyrtifræðinga í hinum stóra heimi og hversu vel þessar greinar vinna saman. Athyglisvert er hve þungt atkvæði okkar Íslendinga vegur á þessum þingum en til marks um það höfum við eitt atkvæði en t.d. Bretar aðeins tvö. Hins vegar höfum við ekki nýtt okkur þann atkvæðisrétt í nokkur ár þar til nú.

Fræðslukvöld

var haldið 8. nóvember í húsakynnum Samtaka iðnaðarins í Borgartúni 35. Þar var meðal annars rakin dagskrá aðalfundar CIDESCO. Tilefni fræðslukvöldsins var að miðla þekkingu og upplýsingum sem félagskonur höfðu aflað sér í Aþenu, þ.e. hvernig við getum nýtt okkur þær upplýsingar okkur til hagsbóta og hvað má betur gera.

Ákveðið hafði verið að halda sóttthreinsinámskeið 27. janúar en því miður varð að fresta því þar sem nokkrir fyrirlesarar boðuðu forföll með mjög skömmum fyrirvara. Stjórn FÍSF þykir mjög miður að hafa þurft að fella námskeiðið niður en slíkt námskeið er nú í undirbúningi.

Aðalfundur FÍSF

verður haldinn á Hótel Loftleiðum föstudagskvöldið 2. mars.

Nefndir FÍSF

Ritnefnd:

Guðrún Pétursdóttir
Nína Björg Sigurðardóttir
Ólafía Magnúsdóttir

Stofueigendanefnd:

Rósa Þorvaldsdóttir, formaður
Brynhildur Jakobsdóttir
Anna Valdimarsdóttir
Þórhalla Ágústadóttir

Sveinanefnd:

Anna María Ómarsdóttir, formaður (fráfarandi)
Sólveig Jónsdóttir
Erna María Eiríksdóttir

Laganefnd:

Katrín Þorkelsdóttir
Þórdís Ingaóttir
Þórdís Lárusdóttir

Nefndir skipaðar á vegum Menntamálaráðuneytis

Fagnefnd:

Þórdís Erla Þórisdóttir, formaður
Ágústa Kristjánsdóttir
Alma Guðmundsdóttir
Á. Bergljót Stefánsdóttir
Nína Björg Sigurðardóttir, tengiliður stjórnar

Sveinsprófsnefnd:

Þórhalla Ágústsdóttir, formaður
Sigurbjörg Lilja Furrow, aðalmaður
Heiðís Steinsdóttir, aðalmaður
Erna Gísladóttir, varamaður
Berglind Halldórsdóttir, varamaður
Ásdís Ingunn Sveinbjörnsdóttir, varamaður

Nemaleyfisnefnd

Hulda, formaður, (Formaður Iðnnemasambandsins)
Björg Kofod-Hansen (Starfsmaður Iðunnar)
Anna María Jónsdóttir
Á. Bergljót Stefánsdóttir
Inga Kolbrún Hjartardóttir

Starfsgreinaráð (fulltrúar frá FÍSF)

Hildur Erna Ingaóttir
Brynhildur Jakobsdóttir

Nýir félagsmenn árið 2006-2007

Ágústa Guðjónsdóttir
Guðrún Ósk Þrastardóttir
Inga Kolbrún Hjartardóttir
Valgerður Sæmundsdóttir
Selma Hrönn Kristinsdóttir
Linda Björk Júlíusdóttir
Kristín Sif Jónínudóttir
Valgerður Jóna Jónsdóttir
Sigurbjörg Lilja Furrow
Agnes Ósk Guðjónsdóttir
Þóra S. Sigurðardóttir
Bergþóra Ásdís Sófusdóttir
Kristín Guðmundsdóttir
Nína V. Hauksdóttir
Faney Dögg Ólafsdóttir
Ásdís Ingunn Sveinbjörnsdóttir
Elínborg Óskarsdóttir

Aðalheiður Kristjánsdóttir
Anna Björg Gunnarsdóttir
Turid Rós Gunnarsdóttir
Ester Rafnsdóttir
Harpa Karlsdóttir
Jóna Björg Olsen
Brynja Birgisdóttir
Sigríður Eva Arngrímsdóttir
Margrét Jónsdóttir

Úrsagnir

12 einstaklingar sögðu sig úr félaginu á árinu.



Félag íslenskra
snyrtifræðinga

AÐALFUNDUR

Dagskrá:

1. Fundur settur klukkan 19:30.
2. Fundarstjóri kynnir dagskrá kvöldsins.
3. Lestur og samþykkt fundargerðar. Formaður Hildur Ingadóttir les ársskýrslu og gjaldkeri, Guðrún Bjarnadóttir, fer yfir efnahagsreikning.
4. Kynning á sýningu þjónustugreina Samtaka iðnaðarsins í Laugardalshöll en hún verður haldin 1. og 2. sept. næstkomandi. Kjósa þarf fulltrúa félagsins í framkvæmdanefnd.
5. Kjör varaformanns og eins fulltrúa í stjórn FÍSF í stað Önnu Maríu Ómarsdóttur,
6. Kosið í síðanefnd. Hlutverk nefndarinnar að semja síðareglur snyrtifræðinga líkt og tíðkast hjá félögum innan SI.
7. Skýrslur nefnda: a) Sveinsprófsnefnd b) Ritnefnd c) Fagnefnd) Stofueigandanefnd d) Sveinanefnd f) Nemaleyfisnefnd g) Laganefnd
8. Fjallað um stefnumótun FÍFS sem haldin var í Borgarnesi á síðasta ári og ákveðið hvert framhald FÍSF eftir þá vinnu sem félagsmenn og fulltrúar SI unnu.
9. Matur í boði FÍSF klukkan 21:00
10. Happraðtti með veglegum vinningum klukkan 22:00.
11. Inntaka nýrra félagsmanna
12. Umræður um þá hugmynd að stofna Norðurlandsdeild landsbyggðardeild FÍSF, með aðsetur á Akureyri á skrifstofu Samtaka iðnaðarins.
13. Önnur mál
14. Fundi slitið klukkan 23.00

Aðgang að aðalfundi FÍSF hafa eingöngu fullgildir og skuldlausir félagsmenn.

Þeir sem eiga aðild að FÍSF sem namar eiga ekki rétt á að sitja aðalfund.

Stjórn Félags íslenskra snyrtifræðinga
Reykjavík, 2.mars 2007

Skýrslur Ritnefndar og Sveinanefndar meðfylgjandi.

Matseðill

Kjúklingabringa með hnetuhjúp,
mozzarella og kartöflum

Eggaldin fyllt með tómatoðnu
grænmeti og villisveppasósu

Kaffi og konfekt